

FW: Tilkynning um styrkúthlutun vegna Öndvegisstyrkja úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020
(Safnaráð-03/2020-04)

Til : Arna Hildur Pétursdóttir
Frá : Björg Ágústsdóttir
Heiti : FW: Tilkynning um styrkúthlutun vegna Öndvegisstyrkja úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020 (Safnaráð-03/2020-04)
Málsnúmer : 2003040
Málsaðili : Byggðarsafn Snæfellinga og Hnappdæla
Skráð dags : 24.03.2020 15:59:36
Höfundur : Björg Ágústsdóttir

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)

[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Styrkir Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla 2017
-2020.xlsxStyrkir Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla 2017 -2020.xlsx

Sæl

Viltu bóka í One á byggðasafn snæfellinga

Og inná bæjarstjórn til kynningar (mátt búa til fund þann 2. Apríl)

Með kveðju,

Björg Ágústsdóttir

bæjarstjóri

bjorg@grundarfjordur.is

Grundarfjarðarbær

Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður

Sími 430 8500

www.grundarfjordur.is

[Grundarfjarðarbær á Facebook](#)



From: Hjördís Pálsdóttir

Sent: þriðjudagur, 24. mars 2020 14:59

To: Jakob Björgvin Jakobsson ; Björg Ágústsdóttir ; kristinn@snb.is; Eyja- og Miklaholtshreppur ; helgafellssveit341@gmail.com

Subject: FW: Tilkynning um styrkúthlutun vegna Öndvegisstyrkja úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020 (Safnaráð-03/2020-04)

Til Byggðasamlags Snæfellinga.

Nú er búið að úthluta úr Safnaráði og fékk Byggðasafnið m.a. úthlutað Öndvegisstyrk sem er til 3ja ára fyrir nýrri grunnsýningu safnsins, alls 9.5 milljón.

Sjá póst fyrir neðan.

Meðfylgjandi er einnig yfirlit yfir þá styrki sem er komnir fyrir 2020, en það á eftir að úhluta hjá Minjastofnun.

Þið megið endilega koma þessum upplýsingum áfram hjá ykkur sveitastjórnun.

Bestu kveðjur

Hjördís

From: Þóra Björk <thora@safnarad.is>

Sent: 21 March 2020 12:35

To: Hjördís Pálsdóttir <hjordis@norskahusid.is>

Subject: Tilkynning um styrkúthlutun vegna Öndvegisstyrkja úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020 (Safnaráð-03/2020-04)

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið

b/t Hjördís Pálsdóttir

Hafnargata 5

340 Stykkishólmur

Reykjavík, 20. mars 2020

Tilvísun: 200320aðalÖnd

Efni: Afgreiðsla umsókna um Öndvegisstyrki úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020

Á fundi safnaráðs þann 15. febrúar sl. voru samþykktar umsagnir ráðsins um styrkumsóknir úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020, í samræmi við ákvæði 7. gr. safnalaga nr. 141/2011. Gerðar voru tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um úthlutun styrkja úr sjóðnum, en skv. 7. mgr. 22. gr. safnalaga úthlutar ráðherra styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Ráðherra hefur nú ákveðið úthlutun styrkja úr sjóðnum og falið safnaráði að tilkynna umsækjendum niðurstöður úthlutunarinnar.

Samkvæmt ákvörðun ráðherra hlýtur Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið eftirfarandi Öndvegisstyrk úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020:

Öndvegisstyrkur úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020:

Nr. umsóknar: 6

Nafn styrksumsóknar:

Ný grunnsýning Byggðasafns Snæfellinga og

Hnappdæla

Veitt hámarksstyrkupp hæð 2020: 2.000.000 kr.

Veitt hámarksstyrkupp hæð 2021: 5.000.000 kr.

Veitt hámarksstyrkupp hæð 2022: 2.500.000 kr.

Heildarhámarksstyrkupp hæð 2020 – 2022: 9.500.000 kr.

Safnaráð óskar styrkhöfum innilega til hamingju,

fyrir hönd safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs

SAMNINGUR OG SKÝRSLUSKIL

- Loforð um Öndvegisstyrki 2021 og 2022 er veitt með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.
- Öndvegisstyrkir úr safnasjóði verða greiddir eftir að styrkþegi og safnaráð hafa skrifað undir **samning um Öndvegisverkefnið**. Framkvæmdastjóri safnaráðs mun hafa samband við styrkþega eftir miðjan apríl 2020 vegna samningsins.
- **Athugið að loforð um styrkupp hæð er hámarksstyrkur.** Ef kostnaður við verkefni lækkar, geta greiðslur úr safnasjóði tekið mið af því.
- Eftirlit verður með framvindu styrks, yfir styrktímann skila styrkþegar áfangaskýrslu árlega vegna styrkveitinga ársins, innan 12 mánaða frá undirskrift samnings o.s.frv.
- Áður en styrkveiting næsta árs er greidd, skal styrkþegi hafa skilað áfangaskýrslu.
- Í lok síðasta ársins skal skila lokaskýrslu.
- Nánari upplýsingar verða í samningnum.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá framkvæmdastjóra safnaráðs.

Athugið að **skráningarstyrkir** veittir frá árinu 2020 og framvegis munu hlíta [eftirliti safnaráðs vegna skráningar](#). Safnaráð verður í sambandi við styrkhafa fljótlega, en styrkhafar **skuldbinda** sig að fara eftir skilmálum safnaráðs varðandi lágmarkskröfur skráningar. Á þetta eftirlit einnig við Öndvegisstyrki sem eru veittir til skráninga.

Styrkþegar skulu geta þess að sjóðurinn styrkti verkefni eftir því sem við á. Merki sjóðsins má hlaða niður af vefsíðu hans www.safnarad.is

ATHUGIÐ: Augljóst er að COVID-19 hefur gríðarleg áhrif á starfsemi safna og mörg söfn hafa þurft og munu þurfa að grípa til ráðstafanna og m.a. fresta verkefnum sem eru í vinnslu eða lengja í verktímanum. Ef til þess kemur að ykkar safn þarf að fresta eða lengja í vinnutíma Öndvegisverkefna sem fá styrkveitingu 2020 vegna aðstæðna vegna COVID-19, þá skulið þið hafa beint samband við framkvæmdastjóra safnaráðs.